

Umsögn um lagafrumvarp um skatta og gjöld, 468. mál, 154. löggjafarþing 2023-2024.

Hvernig mun gistináttaskatturinn hafa áhrif á mitt fyrirtæki?

Dæmisaga úr Stykkishólmi

Fyrir Alþingi liggur tillaga um að hefja að nýju innheimtu gistináttaskatts. Skatturinn var lagður á hluta þeirra sem voru í gistirekstri fyrir heimsfaraldur en var þá felldur niður á meðan þær hörmungar gengu yfir. Nú stendur til að leggja aftur á gistináttaskatt en með gjörbreyttu sniði. Ég ásamt fleirum eigum og rekum gistihús og kaffihús í Stykkishólmi undir nafninu Sjávarborg. Höfum gert það í um áratug. Fyrirtækið er vel rekið af samhentum hópi eigenda og starfsmanna. Það er um margt líkt svo ótal mörgum öðrum litlum fyrirtækjum í ferðapjónustu á landsbyggðinni. Heildarvelta á þessu ári er um 60 mkr og er gistiþjónusta þar af um 40 mkr. Á árinu störfuðu mest 8 manns hjá fyrirtækinu.

Þegar frumvarp kom um að taka ætti að nýju upp gistináttaskatt ákváðum við að skoða nánar hvernig skatturinn kæmi við rekstur okkar fyrirtækis. Þetta er greining úr raunveruleikanum.

Meira en tvöföldun gistináttaskattsins, jafnvel sexföldun. Þegar gistináttagjaldið var lagt á fyrir Covid var það 300 kr á hverja gistieiningu. Nú er það 300 kr á hvern og einn gest í gistieiningunni. Í stað þess að greitt sé 300 kr fyrir 2ja manna herbergi á nóttu á nú að greiða 600 kr á 2ja manna herbergi. Nokkur hluti gistieininga er fyrir fleiri en tvo gesti og þá hækkar þá gjaldið samsvarandi. Í 4ra manna fjölskylduherbergi þar sem áður var greitt 300 kr. á nóttu verður því greitt 1.200 kr. Það er fjórföldun. Helmingur af okkar 10 herbergjum eru fjölskylduherbergi, það stærsta 6 manna og þarf því að greiða allt að 1.800 kr fyrir herbergi þar sem áður var greitt 300 kr.

Gjaldið leggst þyngra á gistihús á landsbyggðinni. Hefðbundin 2ja manna herbergi eru hlutfallslega algengari á höfuðborgarsvæðinu en stærri gistieiningar á landsbyggðinni. Það helgast fyrst og fremst af ferðavenjum og samsetningu ferðamannahópa. Það er þó ekki alltaf hin dæmigerða fjölskylda sem dvelur í stærri herbergjunum. Það eru frekar litlir hópar sem eru saman á ferðalagi. Nú þegar skipt er yfir í nýtt fyrirkomulag við innheimtu gistináttaskatts breytist hlutfall gjaldsins af veltu. Líklega er þetta einhvern veginn svona fyrir og eftir:

	Hlutfall af heildarveltu	
	fyrir	eftir
Hefðbundin gisting í Reykjavík	1,25%	2,50%
Hefðbundin gisting á landsbyggðinni	1,50%	3,75%

Sé þessi tilgáta mín rétt er gistináttaskatturinn eftir breytingu í raun 50% hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Það mætti því kalla þetta landsbyggðaskatt.

100% tekjuskattur? Árið 2022 var eitthvert besta rekstrarár ferðapjónustu á Íslandi. Það ár var hagnaður af rekstri okkar fyrirtækis kr. 1.470.146. Mér reiknast til að gistináttagjald Sjávarborgar á næsta ári verði um 1.500.000 kr. Það er því verið að gera hagnað af okkar rekstri upptækan í ríkissjóð.

Skuldsett fyrirtæki geta ekki greitt af skuldum sínum. Sem betur fer er okkar fyrirtæki ekki skuldsett. Tók ekki stuðningslán, bankalán eða önnur lán til að komast í gegnum Covid. Og ekki skuldum við skatt. Með því að gera hagnað upptækan eins og nú stendur til með gistináttaskattinum er verið að gera fyrirtækjum

ómögulegt að greiða af lánnum eða fjárfesta í áframhaldandi rekstri. Það þarf nefnilega að hagnast til að greiða af lánnum og fjárfesta.

Keppinautar okkar þurfa ekki að greiða gistináttaskatt. Margir af þeim sem selja ferðamönnum gistingu eru undanþegnir gistináttaskatti. Svokölluð heimagisting þarf ekki að borga. Ekki heldur húsbílarirnir sem leggja á bílapaninu fyrir utan hjá okkur. Þeir sem gista í orlofshúsum stéttarfélaganna þurfa ekki að borga. Svo er það öll ólöglega gistingin. Það er alveg nóg af henni í Stykkishólmi og ekkert bólar á eftirliti sýslumannsins í Kópavogi frekar en undanfarin ár.

Skemmtiferðaskipin greiða lægra gistináttagjald. Með fyrirhuguðum breytingum á gistináttaskatti verður skemmtiferðaskipum gert að greiða gistináttagjald. Við þurfum að borga virðisaukaskatt á gistináttagjaldið en ekki skemmtiferðaskipin. Þau borga 300 kr en við 333 kr með vsk. Reiknast mér til að Sjávarborg borgi 165.000 kr hærra gistináttagjald á næsta ári vegna þess að við erum ekki skemmtiferðaskip.

Fjárfesting í sjálfvirkni til einskis. Mikil hvatning hefur verið frá stjórnvöldum til ferðaþjónustunnar að auka sjálfvirkni og bæta þar með framleiðni. Þar höfum við hjá Sjávarborg staðið okkur vel og fjárfest milljónum króna. Í byrjun þessa árs fórum við í að sjálfvirknivæða alla innritun. Nú innritar gesturinn sig sjálfur með því að færa upplýsingar inn í kerfi eða þær færðar yfir af bókunarsíðum sjálfvirk. Allar greiðslur eru kláraðar sjálfvirk á netinu. Gesturinn fær svo sendan aðgangskóða með tölvupósti og kemst þar með inn. Það er sammerkt með öllum þessum kerfum í bókunum að það er aðeins einn gestur skráður fyrir gistieiningunni með nafni. Látið nægja að tilgreina hversu margir það eru sem verða í herberginu. Með þessari tæknilausn þurfum við ekki að manna móttöku á kvöldin og spörum þannig tvær vinnustundir á dag. Á heilu ári er það sparnaður upp á 2 mkr. Nú vill ríkið hins vegar að við færum innritun gesta aftur í gamalt úrelt form og tilgreinir að það fyrirkomulag sé bundið í reglugerð. Við eigum að skrá nafn, kennitölu eða aldur og taka afrit af persónuskilríkjum. Þetta verður ekki gert öðru vísi en að manna aftur móttökuna. Þar fer þá rekstrarsparnaðurinn og fjárfestingin í byrjun árs fyrir lítið.

Það eru svo fá börn og enginn veit hver þau eru. Einhver var svo snjall að finna út að undanþiggja í frumvarpinu börn greiðslu gistináttaskattsins. Það er að vísu sá galli að enginn veit hversu mörg þessi börn eru. Ekki vitum við á Sjávarborg hversu mörg börn hafa gist hjá okkur. Bókunarkerfið heldur ekki utan um það, sölurásir eins og Booking.com heldur ekki utan um það og bókunargáttir á heimasíðum gistihúsa ekki heldur. Maður skyldi ætla að ríkið viti hversu mörg börn þetta eru í heildina en það hefur ekki hugmynd um það. Það veit enginn hversu stór hluti ferðamanna sem hingað kemur er 18 ára eða yngri. Þau eru sárafá. Myndi sjálfur giska á að það væri innan við 5%. Að gefa afslátt á gistináttagjaldinu þannig að þeir gestir sem eru 18 og yngri greiði ekki gjaldið er ekki að breyta miklu.

Ómöguleiki í innheimtu og eftirliti. Reglugerð nr. 1277 frá 2016, með síðari breytingum gildir um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Í 6. gr. er kveðið á um að á gististað skal haldin skrá yfir næturgesti með upplýsingum um nafn, kennitölu eða fæðingardag, heimilisfang og þjóðerni. Þá skal vera til staðar afrit af gildum persónuskilríkjum til staðfestingar eða vegabréfsnúmer viðkomandi á gististöðum samkvæmt liðum a. - d. í 4. gr. þessarar reglugerðar. Skráin skal varðveitt í að minnsta kosti 12 mánuði og vera aðgengileg lögreglu þegar þess er óskað. Heimilt er að halda rafræna skrá. Höfundur frumvarpsins um gistináttaskattinn hangir í þessu ákvæði til að gera frumvarpið framkvæmanlegt. Það eru hins vegar tveir gallar á því. Annars vegar fullyrði ég að enginn gististaður á Íslandi framkvæmir þetta eins og þarna er kveðið á um. Það er haldin skrá um alla þá sem eru skráðir fyrir herbergjum sem eru leigð einstaklingum í gegnum sölu á netinu en aldrei alla sem eru í herberginu. Til þess þyrfti hver og einn að skrá sínar upplýsingar og það er einfaldlega ekki gert. Herbergi sem ferðaskrifstofur kaupa eru jafnan aðeins skráð á þær þó hugsanlega með einföldum nafnalista að baki. Hins vegar eru það ákvæði laga um persónuvernd. Ákvæði reglugerðarinnar um skráningu svo ítarlegra upplýsinga og að varðveita þær í 12 mánuði er í andstöðu við lögin. Afrit af vegabréfi eru viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar og séu þær skráðar verður að vista

þær í kerfi sem nýtur dulkóðunar af einhverju tagi. Að taka ljósrit, gata og stinga í möppu er ekki svoleiðis kerfi. Fá ef einhver þeirra bókunarkerfa sem gististaðir hér á landi nota eru til þess bær að vista persónugreinanlegar upplýsingar með þeim hætti sem þessi úrelta reglugerð kveður á um. Skylt er samkvæmt lögum hér á landi að eyða svona upplýsingum innan 10 daga, sé þeim á annað borð safnað. Án aðgangs skattayfirvalda að ítarlegum upplýsingum um gesti verður ekki hægt að standa að innheimtu og eftirliti gistináttaskatt eins og hann er útfærður í frumvarpinu þar sem jafnræðis verður gætt.


Enginn hagrænn tilgangur með innheimtu gistináttaskatts. Með því að ríkið leggi á skatta og gjöld má hafa áhrif á atferli þeirra sem eru í ferðaþjónustu; bæði fyrirtækja og ferðamanna. Ekki þarf að hafa mörg orð um að brýnt er að stjórnvöld fari sem fyrst í að hafa áhrif á hvernig ferðaþjónustan er að þróast enda reynir nú þegar á öll þolmörk greinarinnar. Á það jafnt við um umhverfisleg, samfélagsleg og efnahagsleg þolmörk. Ítarlega er fjallað um þetta mál í tillögum sem liggja fyrir sem hluti af stefnumótunarvinnu ferðaþjónustunnar. Þar eru gerðar tillögur um gjaldtöku sem hefur áhrif á hegðun og atferli í ferðaþjónustu, greininni og samfélaginu til góðs. Þær tillögur má koma í framkvæmd á nokkrum mánuðum. Gistináttaskatturinn hefur engin áhrif til góðs fyrir ferðaþjónustu á Íslandi.

Samantekt.

Gistináttaskattur er vondur skattur sem leggst á með ósanngjörnum hætti. Hluti fyrirtækja í ferðaþjónustu er látinn borga en önnur ekki. Lítil fyrirtæki á landsbyggðinni borga meira en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Með álagningu hans er komið í veg fyrir möguleika til hagræðingar í rekstri. Látið er í veðri vaka að verið sé að veita afslátt vegna barna en sá afsláttur reynist óverulegur auk þess sem hann krefst innheimtuaðferða sem eru í andstöðu við lög og almenna skynsemi. Útilokað er fyrir hótél- og gistihúsa eigendur að velta skattinum yfir á gesti sína og sitja fyrirtækin því uppi með að borga hann úr eigin vasa. Gjaldþol fyrirtækjanna til að standa í skilum á skuldum eða fjárfesta í rekstri sínum verður ekki til staðar. Þá er hækkunin á skattinum svo mikil milli ára að það hlýtur að vera án fordæma. Frumvarp þetta er því til að veikja ferðaþjónustuna í landinu án þess að það skili umtalsverðum tekjum fyrir ríkissjóð.

Ef ríkissjóður þarf sértækan skatt af ferðaþjónustu á árinu 2024 væri frekar að halda sig við eldra fyrirkomulag með álagningu á gístieiningu og hraða vinnu við innleiðingu hagrænna skatta sem munu búa til hvata svo ferðaþjónustan umgangist náttúruna og samfélag sitt af meiri nærgætni en verið hefur.

Virðingarfyllt,
f.h. Sjávarborgar



Skarphéðinn B. Steinarsson, meðeigandi